

Nd.

146. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Áki Jakobsson, Þóroddur Guðmundsson.

1. gr.

Við 1. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu í sambandi við og undir yfir-
stjórn Hagstofu Íslands. Skal hagstofustjóri fela ákveðnum manni stjórn hennar og
leggja honum til aðstoð og starfsfé, svo sem nauðsyn ber til.

2. gr.

Við 2. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Kostnaður við rekstur búreikningaskrifstofu greiðist úr ríkissjóði sem annar
kostnaður af rekstri hagstofunnar.

3. gr.

Aftan við 5. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hagstofustjóri varðveitir búreikninga, sem búreikningaskrifstofunni berast, og
önnur gögn hennar, þannig að þau séu ávallt tiltæk.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Þegar landbúnaðarvísitölunefnd hóf starf sitt, kom það fljótt í ljós, að tæpast
hefði verið hægt að ná nokkurri niðurstöðu, ef ekki hefðu verið fyrir hendi þær
upplýsingar, sem búreikningaskrifstofan gat látið í té. Að vísu voru upplýsingar
þessar mjög ófullkomnar, og hefur niðurstaða sex manna nefndarinnar sætt mikilli
gagnrýni, ekki hvað sízt fyrir það, hve mikið hún hefur lagt upp úr niðurstöðum bú-
reikningaskrifstofunnar. Vísitölunefndin fór fram á það að fá sjálf að sjá búreikninga
þá, sem vísitölunefndin lagði til grundvallar meðalbúreikningi sínum, en því
var neitað á þeim grundvelli, að frumreikningarnir væru ekki til lengur, hefðu verið
endursendir þeim, sem héldu þá. Þetta er vilanlega með öllu ótækt, að stofnun eins
og búreikningaskrifstofan haldi ekki til reiðu öllum sínum frumgögnum.

Með samkomulaginu í landbúnaðarvísitölunefnd hefur verið lagður grundvöllur
að vísitölu til að ákveða verð landbúnaðarafurða á þann hátt, að tekjur bænda al-
mennt verði sambærilegar við tekjur alþýðumanna í bæjum. Við þetta samkomulag
hefur búreikningaskrifstofan orðið mjög mikilsverð stofnun, ekki aðeins fyrir bændur,
heldur fyrir alla þjóðina í heild sinni. Þegar svo er komið, er óeðlilegt, að Búnað-
arfélag Íslands, sem er samtök bænda eingöngu, annist stjórn hennar og rekstur.
Eðlilegast er, að búreikningaskrifstofan sé sett undir stjórn hagstofustjóra, og er það
aðalefni þessa frv. Þá þykir og rétt að setja skýlaus fyrirmæli um það, að ekki sé
fargað frumgögnum búreikningaskrifstofunnar, eins og nú hefur átt sér stað.

Guðmundur Jónsson, kennari á Hvanneyri, hefur annazt rekstur búreikninga-
skrifstofunnar og leyst verk sitt vel af hendi. Það er alls ekki tilgangur flm. að víkja
honum frá þessu starfi, heldur er það ætluð þeirra, að hagstofustjóri ráði hann á-
fram til starfans.